



Fréttatilkynning

10 March 2025 16:30:00 GMT

Skráningu á aðalfund Arion banka lýkur þriðjudaginn 11. mars 2025 klukkan 16:00

Aðalfundur Arion banka hf. verður haldinn í höfuðstöðvum bankans að Borgartúni 19, 105 Reykjavík, þann 12. mars 2025, kl. 16:00. Einnig verður gefinn kostur á rafrænni þátttöku. Atkvæðagreiðsla á fundinum fer eingöngu fram með rafrænum hætti. Fundurinn fer fram á íslensku en boðið verður upp á túlkapjónustu á ensku.

Til þess að hægt sé að tryggja tímanlega úrvinnslu á beiðnum hluthafa um aðgangsupplýsingar skulu þeir óska eftir aðgangi á vefsíðunni <https://www.lumiconnect.com/meeting/arionbankagm2025> eigi síðar sólarhring fyrir fundinn, eða kl. 16:00 þann 11. mars 2025. Sama gildir ef hluthafar vilja leggja fram skriflegar spurningar varðandi dagskrá eða framlögð skjöl sem þeir óska svara við á fundinum. Þær skulu sendar á netfangið hluthafar@arionbanki.is en einnig er hægt að senda póst á sama netfang fyrir almennar fyrirspurnir í tengslum við aðalfundinn.

[Tillögur](#), [breytingartillaga](#), [dagskrá](#), [tillögur tilnefningarnefndar](#) og önnur skjöl eru aðgengileg á www.arionbanki.is/gm.

Frá og með lokun markaða 4. mars 2025 til og með 14. mars 2025 verður óheimilt að yfirfæra SDR-heimildarskírteini í eða úr hlutum í Arion banka milli markaða.

Vinsamlegast beinið fyrirspurnum til:

Theodórs Friðbertssonar, fjárfestatengsl Arion banka, ir@arionbanki.is, s. 856 6760 eða Haraldar Guðna Eiðssonar, forstöðumanns samskiptasviðs, haraldur.eidsson@arionbanki.is, s. 856 7108.

Viðhengi

[Skráningu á aðalfund Arion banka lýkur þriðjudaginn 11. mars 2025 klukkan 16:00](#)